

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003

Við úthlutun framlaga til sveitarfélaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga skulu eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir lagðar til grundvallar að ákvörðun framlags til sveitarfélaga vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmdar atkvæðagreiðslu:

- *Könnun á hagkvæmni sameiningar:*
Nái sameiningartillagan til tveggja sveitarfélaga greiðast 800.000 kr.
Sé um fleiri en tvö sveitarfélög að ræða greiðast 400.000 kr. fyrir hvert sveitarfélag til viðbótar.
- *Kynning á sameiningartillögu:*
Fast framlag að fjárhæð 1.000.000 kr. greiðist vegna hverrar sameiningartillögu.
Til viðbótar greiðast 100 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.
- *Framkvæmd atkvæðagreiðslu:*
Á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til greiðast 350 kr.

Hér er um hámarksúthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á grundvelli a-liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003 að ræða.

Heildarframlag Jöfnunarsjóðs getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur raunverulegum kostnaði sveitarfélaga við þá þætti sem falla undir ákvæði a- liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi vegna vinnu starfsmanna einstakra sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar til sameiningarnefnda eða starfsmanna þeirra.

Framlag verður ekki greitt fyrir en fyrir liggja hjá sjóðnum staðfestingar á áföllnum kostnaði vegna viðkomandi sameiningartillögu

15/6 '05
Henri Halvarsson